



Sveitarfélög, skipulagsmál og skógrækt (gæðaviðmið við val á landi til skógræktar)

Birkir Snær Fannarsson

Land og skógur

Í ágúst árið 2022 gaf matvælaráðuneytið út landgræðsluáætlun og landsáætlun í skógrækt – **Land og líf**. Um er að ræða stefnu og framtíðarsýn í landgræðslu og skógrækt til ársins 2031. Samhliða þessari útgáfu var gefin út aðgerðaráætlun í landgræðslu og skógrækt 2022-2026. Í aðgerðaráætlun þessari gefur að líta yfirlit 27 aðgerða sem miðast að því að hrinda stefnu þeirri er fram kemur í **Landi og lífi** í framkvæmd.

Undir annan kafla ofangreindrar aðgerðaráætlunar falla aðgerðir er miða að því að efla og vernda líffræðilega fjölbreytni og takmarka rask vistkerfa af völdum aðgerða á sviði landgræðslu, skógræktar og við endurheimt votlendis og gróðurleifa. Undir þennan annan kafla er í kafla 2.3 fjallað um „Ný gæðaviðmið við val á landi til skógræktar“. Aðgerð sú felur í sér að þróa og innleiða ný gæðaviðmið við val á landi til skógræktar. Í gæðaviðmiðum skal sérstaklega gerð grein fyrir forsendum fyrir vali á landi til skógræktar með tilliti til náttúruverndar, minjaverndar og landslags.

Lengi hefur verið unnið með viðmið og leiðbeiningar um hvar rétt sé að rækta skóg og hvar síður. Sú vinna við „ný gæðaviðmið“ sem unnin hefur verið síðustu misseri er því byggð á eldri grunni. „Ný gæðaviðmið“ verða ítarlegri og þeim munu fylgja frekari skýringar en verið hefur. Settur hefur verið saman matslisti, sem byggist á því að svara spurningum um hvaða áhrif fyrirhuguð skógrækt muni eða gæti haft á hverjum og einum stað eða svæði. Ákveðin atriði eru þess eðlis að skógrækt er óheimil eða ófýsileg en aðrir þættir eru matskenndari. Með samræmdri aðferðafræði er tilgangur „nýrra gæðaviðmiða“ að ræktun skóga á Íslandi verði enn markvissari en verið hefur sem og að vera til þess fallin að skapa meiri sátt um skógræktarframkvæmdir en raunin hefur kannski verið á undangengnum árum.

